

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska sem annað mál**

## **Afleggjarinn í pólskri þýðingu**

*Þýðing á hluta úr Afleggjaranum eftir Auði Övu Ólafsdóttur  
og greinargerð með þýðingunni*

**Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem annað mál**

**Ewa Waclawek**  
**Kt.: 200869-2739**

**Leiðbeinandi: Þóra Hjartardóttir**  
**Maí 2015**

# Ágrip

Þessi ritgerð er lokaritgerð á BA-stigi í íslensku sem öðru máli. Ritgerðin er þýðing á hluta bókarinnar *Afleggjarinn* eftir Auði Övu Ólafsdóttur sem hefur hlotið mörg bókmenntaverðlaun fyrir sitt framlag til íslenskra bókmennta. Bókin var dásamlegt lesefni og sérstök upplifun fyrir lesandann. Bókin vísar í Biblíuna og hefur mikil áhrif á lesanda. Að mati þýðanda er hún ógleymanleg. Þýðingin á bókinni var spennandi verkefni og mjög ögrandi. Með þýðingu á *Afleggjaranum* lærði þýðandinn mikið um íslenska tungu og íslenskt samfélag. Þýðandi leitaði oft ráða hjá vinum sínum og vill þakka öllum sem hjálpuðu við þýðinguna kærlega fyrir, sérstaklega við þýðingu á myndmáli.

Bókin *Afleggjarinn* var frábært lesefni sem vekur mann til umhugsunar um tilgang lífsins, dauðann og hamingjuna. Lesandinn þarf alltaf að gefa sér tíma til að hugsa um hvað liggur undir yfirborðinu. Það má segja að bókin hafi heimspekilegan blæ og er án efa ein af athyglisverðustu sögum sem komið hafa út á síðustu árum. Ég mæli með lestri bókarinnar.

# Efnisyfirlit

<b>1 kafli. Almenn umfjöllun.....</b>	<b>1</b>
1.1 Inngangur.....	1
1.2 Um höfundinn.....	1
1.3 Um verkið .....	2
<b>2 kafli. Kenningar um þýðingar.....</b>	<b>5</b>
2.1 Efnisskipan .....	5
2.2 Almenn umfjöllun .....	5
2.3 Textategundir .....	6
2.4 Ólíkar þýðingaraðferðir .....	7
2.4.1 Hugmyndir Friedrich Schleiermacher .....	8
2.4.2 Hugmyndir Katharinu Reiss .....	9
2.4.3 Roman Jacobson og hugtakið jafngildi .....	10
2.4.4 Eugene Nida og jafngildi .....	11
2.5 Val á þýðingaraðferðum í þýðingunni .....	13
2.6 Samantekt.....	14
<b>3 kafli. Greinargerð með þýðingunni .....</b>	<b>15</b>
3.1 Efnisskipan .....	15
3.2 Málfræðileg vandamál.....	15
3.2.1 Notkun persónufornafna .....	16
3.2.2 Notkun persónufornafna og nafnorða eða mannanafna saman.....	17
3.2.3 Greinir: viðskeyttur og laus greinir .....	17
3.2.4 Orðaröð .....	18
3.3 Orðfræðileg vandamál.....	19
3.4 Menningarlegur munur .....	20
3.4.1 Orðatiltæki og orðasambönd .....	21
3.4.2 Líkingar .....	22
3.5 Þérun .....	23

3.6 Samantekt.....	24
<b>4 Kafli. Lokaorð.....</b>	<b>25</b>
HEIMILDIR:.....	26
<b>Þýðingin.....</b>	<b>27</b>

# 1 kafli. Almenn umfjöllun

## 1.1 Inngangur

Ég hef alltaf haft áhuga á bókmenntum og sérstaklega á fagurbókmenntum. Ég las bókina *Afleggjarinn* eftir Auði Övu Ólafsdóttur og fannst sagan stórkostleg og ógleymanleg. Ég ákvað að þýða hana vegna þess að hún hafði mikil áhrif á mig og að mínu mati var lestrarupplifunin mjög sálræn. Bókin virtist vera mjög erfið í þýðingu þar sem myndmál og myndlíkingar leika stórt hlutverk í bókinni. Þýðingin var mjög krefjandi og ég lærði mjög mikið af henni. Bókin hefur listrænan stíl og markmið mitt var að endurspegla hann í þýðingunni. Ritgerðin skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn skiptist í fjóra kafla. Í fyrsta kafla er stutt umfjöllun um Auði Övu Ólafsdóttur og kynning á bókinni. Í öðrum kafla er rætt um textategundir og þýðingar bókmenntatexta. Síðan kemur fræðileg lýsing ólíkra þýðingaraðferða, m.a. umfjöllun um kenningar Friedrich Schleiermacher og Eugenie A. Nida. Þar á eftir verður kynnt kenningin um áhrifajafngildi og formlegt jafngildi. Í lok annars kafla greint er frá aðferðum sem þýðandinn notaði við þýðinguna og síðan er gerð samantekt. Þriðji kafli er greinagerð með þýðingunni. Þar verður fjallað um málfræðilegan vanda, m.a. persónuformöfn, greini, orðaröð og orðaval. Næst verður fjallað um menningarlegan mun þessara tveggja tungumála, pólsku og íslensku. Þar verður sagt frá orðatiltækjum, orðasamböndum og myndlíkingum. Í lok kaflanna kemur stutt lýsing á þérun og samantekt á efni þriðja kafla. Í kafla fjögur eru lokaorð og heimildaskrá. Seinni hluti ritgerðarinnar er þýðingin sjálf.

## 1.2 Um höfundinn

Auður Ava Ólafsdóttir er þekktur rithöfundur. Hún er líka listfræðingur og lærði listfræði í París. fæddist í Reykjavík árið 1958 og er lektor í listfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur einnig starfað sem listfræði- og listasögukenari við Leiklistarskóla Íslands. Hún hefur sett upp myndlistarsýningar og fjallað mikið um list og myndlist í fjölmiðlum. Auður Ava sendi frá sér sitt fyrsta skáldverk, *Upphækkuð jörð*, árið 1998. Síðan komu út tvær skáldsögur, *Rigning í*

nóvember, árið 2004 og *Afleggjarinn* árið 2007. Árið 2010 kom út söguljóðið *Sálmurinn um glimmer*. Bækur hennar hafa hlotið mörg verðlaun. Til dæmis hlaut *Rigning í nóvember* Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2004 og var einnig tilnefnd til Menningarverðlauna DV í bókmenntum ári síðar.

*Afleggjarinn* er margverðlaunuð bók. Meðal annars hlaut hún Menningarverðlaun DV í bókmenntum árið 2008, Fjöruverðlaunin sama ár og tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2009. Auk þess vakti sagan mikla athygli í Frakklandi þegar hún kom út þar í þýðingu Catherine Eyjólfsson sem *Rosa Candida* árið 2010. Franska þýðingin fékk verðlaun í Quebec í Kanada vorið 2011.<sup>1</sup>

Sem rithöfundur hefur Auður Ava hlotið talsverða athygli vegna þess að í verkum sínum tekst henni að lýsa hversdagslífinu á sérstakan hátt. Hún notar tungumálið á sinn hátt, ekki á hefðbundinn hátt, heldur sem listfræðingur. Sjálf segir hún:

Skáld er útlendingur í eigin tungumáli, það er hlutverk skálda að misskilja tungumálið.<sup>2</sup>

Auður segir að hún hafi snemma áttað sig á að fáir skilji og tali tungumálið eins og hún. Þannig vaknaði áhugi fyrir tungumálinu sem leiddi Auði inn á braut skáldskaparins.<sup>3</sup>

## 1.3 Um verkið

*Afleggjarinn* er saga sem fjallar um líf, ást og dauðann. Söguhetjan í bókinni, Arnljótur Þórir, er 22 ára gamall. Sagan fjallar um samskipti hans við aldraðan föður og þroskaheftan tvíburabróður sinn. Arnljótur er mjög viðkvæmur ungur strákur sem hefur áhuga á garðyrkju. Mamma hans sem lést í bíslýsi hafði líka áhuga á plöntum og ræktun. Þau mæðginin voru mjög nán, hún var sálufélagi hans. Öðru máli gegnir um pabba hans sem hefur aldrei skilið áhuga hans á plöntum og gefur oft í skyn að áhugamál hans sé ekki karlmannlegt. Sagan er í raun og veru þroskasaga söguhetjunnar. Í byrjun bókarinnar veit söguhetjan ekki hvað hn vill gera í lífinu en í sögulok

---

<sup>1</sup> Bókmenntir.is.

<sup>2</sup> Miðstöð Íslenskra Bókmennta 2015.

<sup>3</sup> Miðstöð Íslenskra Bókmennta 2015.

virðist Arnljótur vera ákveðnari og þroskaðri. Til að þroskast ákvað Arnljótur að ráða sig sem garðyrkjumann í rósagarði í klaustri í Suður-Evrópu.

Trúin er tvímælalaust mikilvægasti þáttur sögunnar. Höfundur vísar oft í Biblíuna. Í upphafi bókarinnar segir söguhetjan:

Af því að ég er að yfirgefa landið og erfitt að segja til um hvenær ég kem aftur, ætla sjötíu og sjö ára gamall faðir minn að hafa síðustu kvöldmáltíðina eftirminnilega<sup>4</sup>

Biblíuvísanir má finna í mörgum myndum sem aðalpersónan ímyndar sér og jafnframt í allri bókinni. Til dæmis heitir bróðir söguhetjunnar Jósef. Senan þar sem Arnljótur og Flóra Sól eru í lítilli kirkju í þorpinu er mjög sérstök. Þar finnur söguhetjan málverk af Maríu með Jesúbarnið og sér áberandi líkindi með Jesúbarninu og Flóru Sól. Eftir að söguhetjan tók eftir þessum líkindum gefur höfundurinn í skyn að stelpa geti gert kraftaverk.

Skáldsagan *Afleggjarinn* hefur trúarlegar vísanir. Allt sem gerist í bókinni hefur aukna þýðingu. Hversdagslífið fær trúarlegan blæ í bókinni. Auður segir sjálf:

Mig langaði til að nálgast hið órókrétta í sálarlífi mannsins á músíkalskan hátt og gera svokallaðan hversdagsleika svolítið upphafinn, gefa honum jafnvel trúarlega merkingu, eins og í *Afleggjaranum*.<sup>5</sup>

Annað sem einkennir söguna er listrænn stíllinn. Myndlistin er ríkjandi alls staðar í sögunni. Í viðtali við höfund kom í ljós að margir líta á *Afleggjarann* sem myndlist. Það má segja að hún „skrifi“ myndir. Þá er átt við að myndmál og myndlíkingar í sögunni hafi ótrúlega mikil áhrif á lesandann. Viðtakandi sér með augum söguhetjunnar og tekur þátt í því sem hún upplifir.

Það er auðvelt að sjá bækur Auðar fyrir sér sem myndlistarverk, sérstaklega kallar *Afleggjarinn* næstum á að vera endurútgefin sem myndabók.<sup>6</sup>

Sem dæmi um listrænan stíl má nefna senuna þar sem Arnljótur ímyndar sér hvernig mamma hans dó. Hann var ekki á staðnum en samt sem áður lýsir hann senunni mjög nákvæmlega einsog hann væri vitni á vettvangi slyssins:

Ég tek mér tíma áður en ég nálgast mömmu inni í bílnum á hvolfi í hraunbollanum. Ég gef mér virkilega tíma til að gaumgæfa náttúruna, hringsóla lengi yfir staðnum, eins og kvikmyndatökumaður að taka loftmynd úr krana, áður en ég kem að mömmu

<sup>4</sup> Auður Ava Ólafsdóttir (2012:7).

<sup>5</sup> Miðstöð Íslenskra Bókmennta 2015.

<sup>6</sup> Bókmenntir.is.

sjálfri, aðalleikkonunni sem allt snýst um. Það er sjöundi ágúst og ég ákveð að það hafi haustað snemma. Þess vegna sé ég mikið rautt og logagyllt í náttúrunni, ég sé fyrir mér eintóm tilbrigði við rautt á vettvangi slyssins: rústrautt berjalyngið, blóðrauðan himininn, fjólurauð laufin á nokkrum hríslum í nágrenninu, gylltan mosann. Sjálf var mamma í vínrauðri hnepptri peysu og storkið blóðið sást ekki fyrr en pabbi skolaði peysuna í baðkarinu heima. Með því að dvelja við aukaatriðin í sviðsmyndinni, eins og maður grandskoðar fyrst bakgrunn málverksins, áður en maður kemur að sjálfu myndefninu, þá slæ ég dauðastund mömmu á frest.<sup>7</sup>

Listrænn stíll bókarinnar er það sem gerir hana sérstaka og ógleymanlega en reyndist þýðandanum einnig erfiður í þýðingu.

---

<sup>7</sup> Auður Ava Ólafsdóttir (2012:19).



## 2 kafli. Kenningar um þýðingar

### 2.1 Efnisskipan

Í kafla 2.2 verður rætt um þýðingar almennt. Því næst verður fjallað um textategundir (2.3). Síðan verður gerð grein fyrir ólíkum þýðingaraðferðum (2.4). Í 2.4.1 verður rætt um þýðingaraðferð sem þýskur guðfræðingur, Friedrich Schleiermacher, innleiddi. Svo verður fjallað um kenningu Katharinu Reiss (2.4.2). Næst kemur umfjöllun um jafngildi (2.4.3) og hvernig það hugtak hefur þróast frá því hinn frægi rússneski málfræðingur, Roman Jacobson, skilgreindi það. Í 2.4.4 verður rætt um Eugene Nida sem greindi milli formlegs jafngildis og áhrifajafngildis. Að lokun verður greint frá því hvaða þýðingaraðferð var valin í þýðingunni (2.5).

### 2.2 Almenn umfjöllun

Þýðingar eru svið sem hefur fylgt manningum frá fornu fari og segja má að þýðingar hafi hjálpað við þróun siðmenningar. Það sést sérstaklega vel þegar skoðuð eru tengsl milli nytjatexta- eða fræðitextaþýðinga og þróunar í iðnaði og vísindum. Margir vísindamenn hafa reynt að skilgreina þýðingar. Til dæmis greindi Roman Jacobson þýðingar í þrennt: Innan tungumálsins, á milli tungumála og á milli táknerfa<sup>8</sup> en meira verður fjallað um þá kenningu í kafla 2.5. Þýðingar eru oft greindar eftir textategundum. Í þessu tilviki á að skipta frumtexta út fyrir marktecta og takmarkmið er jafngildi.<sup>9</sup>

Hvað eru þýðingar og hvernig getum við skilgreint þær? Þessara spurninga hefur verið spurt frá fornu fari. Þýðingar eru enn heitt umræðurefni í dag. Hér verður reynt að svara spurningum um eðli þýðinga.

---

<sup>8</sup> Jacobson (2004:173-180).

<sup>9</sup> Jacobson (2004:173-180).

## 2.3 Textategundir

Í þessum kafla verður fjallað um ýmsar tegundir texta. Til eru margar skilgreiningar á texta. Hér fyrir neðan verður vikið stuttlega að þeim.

Í bókinni *Þýðingar* segir Jón G. Friðjónsson að hver þýðandi þurfi að gera sér grein fyrir því hvers kyns textinn er. Greina má á milli texta í bundnu máli og óbundnu. Í íslensku má í báðum tilvikum greina á milli mismunandi stíla. Í óbundnu máli má til dæmis greina Íslendingasagnastíl, skáldsagnastíl, þjóðsagnastíl, dagblaðastíl og biblíustíl.<sup>10</sup>

Í bók sinni bendir Jón G. Friðjónsson jafnframt á að P. Newmark geri ráð fyrir þremur stíltegundum (eftir efni) sem eru mikilvægar við þýðingar:

(1)

- a. Lýsandi, túlkandi (e. expressive texts)
- b. Fræðandi (e. informative texts)
- c. Auglýsingatextar (e. vocative texts)

Að mati höfundar virðist greining Newmarks ekki vera fullkomin vegna þess að sami texti getur verið bæði t.d. lýsandi og fræðandi.

Lítum næst á textategundir samkvæmt Ástráði Eysteinsyni. Í bókinni *Tvímæli* segir hann að hverri textategund fylgi mismunandi tjáningarvenjur. Hann kynnir þrens konar textategundir, sbr. Mary Snell-Hornby:<sup>11</sup>

(2)

- a. Bókmenntaþýðingar, þ.e. kvikmyndapýðingar, bókmenntir o.fl.
- b. Almennar þýðingar, þ.e. blaðatextar, auglýsingar o.fl.
- c. Sérhæfðar þýðingar, þ.e. vísindi, lagamál o.fl.

---

<sup>10</sup> Jón G. Friðjónsson (2006:8).

<sup>11</sup> Ástráður Eysteinnsson (1996:125).

Í bókinni *Þýðingar* bendir Jón G. Friðjónsson á að marktætti eigi að vera jafngildur frumtexta. Til að nálgast þetta þarf þýðandi að finna merki um textategund. Höfundurinn flokkar mismunandi textategundir:<sup>12</sup>

(3)

- a. Bókmenntatexti (skáldsögur, smásögur, fagurfræðilegar bókmenntir)
- b. Fræðilegir textar (fagrit, greinar)
- c. Fræðslutextar (skólabækur, frásagnir, minningar)
- d. Nytjatexti (þýddir dagblaðatextar (fréttir), textar í sjónvarpi og útvarpi)

Hér að ofan var fjallað um textategundir frá mörgum sjónarhornum. Þar sem efni ritgerðarinnar er bókmenntaþýðing er ágætt að fjalla stuttlega um þær. Samkvæmt Jóni Friðjónssyni eru bókmenntaþýðingar þýðendum erfiðar. Ástæðan er sú að bókmenntatextar eru yfirleitt tvíræðir.<sup>13</sup> Þýðandi þarf að skilja frummálið mjög vel og þýða orðasambönd og orðatiltæki yfir á markmál. Vafalaust er enn erfiðara að þýða málshætti vegna þess að hver þjóð hefur venjur sem hafa ekki jafngildi í öðrum menningarheimum. Í bókmenntum er myndmál oft ríkjandi. Það á við um *Afleggjarann* þar sem myndmál er mjög áberandi. Þá verður þýðandi að túlka þá mynd sem hann hefur í huganum því annars tekst ekki að koma myndunum til skila. Þá þarf þýðandi mjög oft að búa til nýjar setningar, breyta orðaröð og finna myndir sem eru samsvarandi í markmenningu. Til samanburðar eru fræðitextar ótvíræðir og þýðandi þarf ekki koma eins miklum skilaboðum til lesanda og í bókmenntatextum.

## 2.4 Ólíkar þýðingaraðferðir

Áður en þýðing fer fram þarf þýðandi að velja þýðingaraðferð. Eins og var sagt hér að ofan verður þýðandi líka að gera sér grein fyrir textategundinni. Þýðandi verður að ákveða sjálfur

---

<sup>12</sup> Jón Friðjónsson(2006:9).

<sup>13</sup> Jón Friðjónsson (2006:9).

hvort þýða á orðrétt eða frjálsglega. Hægt væri að skrifa heila bók um þýðingaraðferðir en í þessari ritgerð verður aðeins fjallað stuttlega þær.

## 2.4.1 Hugmyndir Friedrich Schleiermacher

Friedrich Schleiermacher (1768-1834) var áhrifamikill þýskur guðfræðingur. Hann er talinn faðir túlkunarfræðinnar. Með kenningum sínum um þýðingarárið 1813 flutti hann fyrirlestur um þýðingaraðferðir (*Um hinar ýmsu aðferðir við þýðingar*) í vísindaakademíunni í Berlín. Í fyrirlestrinum komu fram rómantískar hugmyndir um þýðingar. Í ritinu *Um hinar ýmsu aðferðir við þýðingar* útilokar Schleiermacher lauslegar þýðingar. Hann dregur þá ályktun að umorðun (e. paraphrase) og eftirlíking (e. imitation) tilheyri ekki þýðingum. Að mati Schleiermacher notar þýðandi sem umorðar bæði tungumálin eins og stærðfræðitákn. Hann aflífar anda tveggja tungumála, annars vegar frumtexta og hins vegar marktenta. Á hinn bóginn endurspeglar eftirlíking ekki anda frumtexta, heldur eyðileggur þvert á móti samsemd frumtexta.<sup>14</sup>

Hann telur í ritinu aðeins tvær þýðingaraðferðir vera til, sem hann kallar eiginlegar þýðingar. Schleiermacher greinir tvenns konar leiðir í eiginlegum þýðingum:

(4)

Að færa lesandann til móts við höfundinn.

Með þessari aðferð reynir þýðandi að miðla áhrifum eins og hann sjálfur hefur numið þau. Hann færir lesandanum þann skilning á marktenta sem hann vantar og hann leiðir lesandann í átt sem þýðandi hefur verið á.

(5)

Að færa höfundinn til móts við lesandann.

Í þessu tilviki lætur þýðandi höfundinn tala eins og hann kunni markmálið í markmenningunni. Höfundurinn færir ekki bara til þýðanda, heldur alla leið til markmenningarinnar.

---

<sup>14</sup> Schleiermacher (2010:5-28).

Schleiermacher segir að þriðja leiðin sé ekki til og jafnframt að ekki sé hægt að blanda aðferðum. Kenning Schleiermachers var ótrúlega áhrifamikil. Margar kenningar á þýska málsvæðinu á 19. og 20. öld eru undir áhrifum frá honum. Katharina Reiss notar hugmyndir hans um ólíkar textategundir í sinni textaflokkun.

## 2.4.2 Hugmyndir Katharinu Reiss

Árið 1984 kynntu Katharina Reiss og Hans Wermeer Skopos-kenninguna. Í Skopos-kenningunni var megináhersla lögð á markmið þýðingar. Kenning þeirra var bylting í þýðingum og því verður hér að neðan fjallað stutt um Katharinu Reiss. Hennar viðhorf til þýðinga er mjög áhugavert. Hún greindi texta samkvæmt samskiptahlutverki frumtexta og marktenta og sagði að þýðandi sé sá sem ákveður hvort samskiptahlutverk frumtexta og marktentsans sé það sama. Þýðandi velur þýðingaraðferð í samræmi við hlutverk marktentsans. Þýðandi þarf að átta sig á hvaða tegund texta hann á að þýða. Til þess leitar hann að merkjum um samskiptahlutverk tentsans. Þýðandi þarf að skoða eftirfarandi þætti:<sup>15</sup>

(6)

- a. Innanmálsviðmið: málfræðileg, merkingarfræðileg, orðfræðileg og stílfræðileg.
- b. Utanmálsviðmið. Þýðandinn gerir sér grein fyrir hver er sendandi og viðtakandi, hann athugar aðstæður og tíma, stað og viðfangsefni, kímni og kaldhæðni.

Hún greindi þrjár tegundir texta. Að mati Reiss er tegund texta ekki menningarbundin en merki sem gefa textategund til kynna geta verið menningarbundin.

---

<sup>15</sup> Reiss (2010:171).

## 2.4.3 Roman Jacobson og hugtakið jafngildi

Roman Jacobson var rússneskur málfræðingur sem innleiddi hugtakið jafngildi. Árið 1958 kom út bók hans *Um margvíslegar hliðar þýðinga*. Þessi bók er talin vera biblía þýðinganna. Þar skiptir hann þýðingum í þrjár megingerðir:<sup>16</sup>

(8)

- a. Þýðing innan tungumálsins. Boð eru flutt í sama málkerfi (umorðun) – í þessum tilvikum er þýtt á milli samfélagshópa eða gömul verk endurskrifuð.
- b Þýðing á milli tungumála. Þýðing úr einu tungumáli á annað. Þessi aðferð er kölluð eiginleg þýðing.
- c. Þýðing á milli táknkerfa. Boð eru flutt með öðrum táknmið, þessi aðferð er kölluð umhverfing.

Að mati Jacobson er ekki til fullkomið jafngildi milli tungumála. Hann bendir á að þýðing milli tungumála er boð í tveim merkjamálum. Hann segir að tvö tungumál verði aldrei eins á málfræðilegu sviði en samt sem áður sé þýðing hugsanleg. Hlutverk þýðanda er að finna jafngildi orðanna. Að vísu er stundum ekki mögulegt að finna samsvarandi orð. Þá verður til þörf á að búa til ný orð eða nota tökuorð. Jafnframt er hægt að nota umfjöllun. Jacobson bendir á að hlutverk þýðanda sé að finna út hvort nota þurfi jafngild orð eða umfjöllun til að búa til besta jafngildi marktecta.<sup>17</sup> Kenning Romans Jacobson byggist á þeirri forsendu að þýðandi þurfi að afkóða boð frumtexta og senda frá sér boð sem jafngildi marktecta. Hugtakið *jafngildi* hefur verið mikið til umræðu í þýðingafraði.

Sá sem ruddi veginn fyrir jafngildi var Eugene A. Nida sem fjallað verður um hér að neðan.

---

<sup>16</sup> Jacobson (2004:173-180).

<sup>17</sup> Jacobson (2004:173-180).

## 2.4.4 Eugene Nida og jafngildi

Á 20. öld þróaðist þýðingafræði sem fræðigrein. Nýjar kenningar og hugmyndir komu fram. Að vísu voru þær endurtekning á því sem áður hafði verið sagt. Eugene A. Nida (f.1914) vakti athygli fyrir að innleiða hugtakið *jafngildi* (e. equivalence). Í ritinu *Principles of Correspondence* árið 1964 skilgreindi hann þýðingar upp á nýtt. Hann sagði að engin tvö tungumál væru eins og þess vegna væru algjörlega nákvæmar þýðingar ekki mögulegar. Með jafngildi er fallist á að þýðandi reyni að senda frá sér boð sem eiga að samsvara boðum frumtexta.

Ástráður Eysteinnsson fjallar um Nida og hugtakið jafngildi í bókinni *Tvímæli*. Hann segir að Nida grundvalli kenningar sínar á boðskiptafræði sem er fræðigrein sem fæst við samskiptaboð.<sup>18</sup> Höfundurinn segir að Eugene Nida greini milli tvenns konar jafngilda: Formlegs jafngildis (e.formal equivalence) og áhrifajafngildis (e. dynamic equivalence). Ástráður Eysteinnsson segir um formlegt jafngildi:

Formlegt jafngildi beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki [...]. Frá þessum formlega sjónarhóli er þýðanda í mun að boðin í þýðingarmálinu svari eins nákvæmlega og mögulegt er til hinna ýmsu þátta í frummálinu.<sup>19</sup>

Í formlegu jafngildi er megináhersla lögð á að marktætti sé trú frumtexta, þýðandi þarf að varðveita form og stíl í þýðingunni. Hann reynir ekki að aðlaga orðaforða heldur reynir að endurspeglja einkenni frumtexta. Texti sem er þýddur með formlegu jafngildi getur verið óskiljanlegur og þarfnast oft skýringa.

Um áhrifajafngildi segir Ástráður Eysteinnsson að byggji á:

algjörlega eðlilegri framsetningu og reynir að setja viðtakandann í samband við hegðunarmynstur sem ríkjandi er í hans eigin menningarsamfélagi; slíkt jafngildi krefst þess ekki að hann skilji menningarþætti í samhengi frummálsins til að skilja boð textans.<sup>20</sup>

<sup>18</sup> Ástráður Eysteinnsson (1996:89).

<sup>19</sup> Ástráður Eysteinnsson (1996: 91).

<sup>20</sup> Ástráður Eysteinnsson (1996: 90).

Með öðrum orðum á áhrifajafngildi marktecta að endurspegla bæði merkingu og inntak frumtexta. Málfræðilega verður þýðandi að aðlaga orðaforða, breyta orðaröð eða þýða á milli orðflokka. Merkingarlega á hann að finna samsvarandi hugtök í markmálinu. Þar að auki getur þýðandi aðlagð texta menningarlega og gert hann skiljanlegri fyrir lesanda í öðrum menningarheimi. Aðalatriði í áhrifajafngildi er að þýðandi reynir að ná sömu viðbrögðum við marktectanum og frumtextinn hafði á sína lesendur. Ástráður Eysteinnsson sagði um áhrifajafngildi:

meginatriði í slíkri þýðingu er viðleitni til að ná fram áhrifum á lesandann sem jafngilda þeim sem frumtextinn hefur á sína lesendur.<sup>21</sup>

Hugmyndir Eugene Nida um formlegt jafngildi og áhrifajafngildi ruddu veginn fyrir kenningar þar sem megináhersla var lögð á lesandann og menningarheim hans. Samt sem áður var Eugene Nida gagnrýndur fyrir að setja fram kenninguna um jafngildi. Margir fræðimenn töldu að með áhrifajafngildi hefði þýðandi of mikið frelsi við þýðinguna. Í kjölfarið gæti marktecti orðið rangur og innihaldið margar villur. Sem dæmi má nefna viðhorf James S. Holmes. Hann sagði að:

Hugtakið jafngildi gæfi ekki rétta hugmynd um samband frumtexta og þýðingartexta.<sup>22</sup>

---

<sup>21</sup> Ástráður Eysteinnsson (1996:91).

<sup>22</sup> Ástráður Eysteinnsson (1996:93).



## 2.5 Val á þýðingaraðferðum í þýðingunni

Við þýðingu bókar þarf hver þýðandi að velja þýðingaraðferð. Þýðandinn verður að gera sér grein fyrir því hvernig á að nálgast efnið. Til eru mismunandi aðferðir sem þýðandinn getur notað, en fyrst verður hann að greina hvaða textategund hann ætlar að þýða. Eins og fram kom í inngangi ritgerðarinnar (1.1) er hér fjallað um bókmenntatexta og þýðandi þarf því að velja aðferðir sem passa vel við slíkt verk. Bókin *Afleggjarinn* byggist á myndmáli, myndlíkingum, orðasamböndum og orðatiltækjum sem ekki er unnt að þýða orð fyrir orð heldur merkingu fyrir merkingu. Þess vegna var ákveðið að fara eftir kenningum Schleiermacher við þýðingu á bókinni *Afleggjarinn* (2.4.1) og líka eftir kenningu Nida um jafngildi (2.4.4).

Samkvæmt Nida og kenningum um áhrifajafngildi er áherslan lögð á viðtakanda og markmiðið er að ná viðbrögðum hans. Samt sem áður verður þýðandinn að endurspegla merkingu og inntak frumtextans.<sup>23</sup> Til að byrja með þarf þýðandinn að velja þýðingarferli. Í bók sinni *Þýðingar* lýsir Jón G. Friðjónsson líkani eftir E. A. Nida og Tabler. Líkanið á að lýsa því hvernig þýðing af einu tungumáli yfir á annað lítur út:

(9)

Texti á frummáli → Greining → yfirfærsla → endurgerð

(endurbygging) → marktí<sup>24</sup>

Þar sem setningagerð tungumála er ólík verður þýðing að taka tillit til þess. Í fyrsta lagi þarf að greina frumtexta (merkingarlega og málfræðilega). Í öðru lagi þarf að verða yfirfærsla, þ.e. boð höfundar eiga að komast til skila. Næst kemur endurbygging þar sem þýðandi þarf að endurgera frumtextann á markmálinu. Síðasta stigið er aðlögun texta í markmálinu. Þegar þýðingin fer fram þarf þýðandi að skipuleggja verkefnið. Með því að hafa þýðingarferlið sér hann hvað gerist þegar texti er þýddur úr einu tungumáli yfir á annað. Við þýðingu á *Afleggjaranum* var þess vegna farið eftir líkani.

---

<sup>23</sup> Nida (2010:163).

<sup>24</sup> Jón Friðjónsson (2006:11).

## 2.6 Samantekt

Í þessum kafla var fjallað um kenningar um þýðingar. Kaflinn byrjar á almennri umfjöllun (2.2), þar var fjallað um þýðingar almennt. Síðan var stuttlega rætt um textategundir (2.3). Í 2.4 var talað um ólíkar þýðingaraðferðir og m.a. um hugmyndir Schleiermacher (2.4.1) og Reiss (2.4.2). Roman Jakobson og hugtakið jafngildi var kynnt í 2.4.3. Þá var fjallað um Nida (2.4.4) og kenningu hans um formlegt jafngildi og áhrifajafngildi. Að lokum var sagt frá þýðingaraðferðum í þýðingunni á *Afleggjaranum*.

## 3 kafli. Greinargerð með þýðingunni

### 3.1 Efnisskipan

Í þessum kafla verður fjallað um ýmis vandamál sem viðkoma þýðingunni. Í 3.2 verður rætt um málfræðileg vandamál. Í 3.2.1 verður fjallað um notkun persónufornafna. Í 3.2.2 er gerður samanburður á notkun persónufornafna, nafnorða og mannanafna saman í tungumálunum. Í 3.3.2 er stutt umfjöllun um notkun greinis og því næst um orðaröð (3.2.4). Í 3.3 verður rætt um orðaval. Það sem mestu máli skiptir í þýðingunni er menningarlegur munur. Í kafla 3.4 verður fjallað um orðatiltæki, orðasambönd (3.4.1) og líkingar (3.4.2). Í 3.5 verður stuttlega sagt frá notkun þéringa og að lokum er samantekt (3.6).

### 3.2 Málfræðileg vandamál

Í þessum kafla verður rætt um ýmis málfræðileg vandamál sem komu upp í þýðingunni og greint frá því hvernig þessi vandamál voru leyst. Pólska og íslenska eru bæði indó-evrópsk mál, pólska tilheyrir slavneskum tungumálum en íslenska germönskum.<sup>25</sup> Hér á eftir verður fjallað um fáein atriði sem eru ólík í tungumálunum tveimur og hvernig þau voru leyst í pólsku þýðingunni.

---

<sup>25</sup> Höskuldur Þráinsson (2006:327).

### 3.2.1 Notkun persónufornafna

Persónufornafn á íslensku er oft notað í staðinn fyrir nafnorð til þess að forðast endurtekningu.<sup>26</sup>

Í pólsku er notkun persónufornafna svipuð, en samt sem áður ekki eins mikil og í íslensku. Sem dæmi má nefna setninguna:

(10)

a. Þú tekur hann upp þegar þú ert lentur, segir hann. (bls.21)

b. Odpakujesz go, kiedy już wylądujesz, powiedział.

c. Tekur þá upp þegar ert lentur, sagði.

Ég nota ekki persónufornafnið fremst vegna þess að í pólsku er það sagnorð með viðskeyti sem segir til um persónubeygingu og tölu. Í pólsku er notkun persónufornafna svipuð en samt sem áður ekki eins algeng og í íslensku. Enda snýst þetta um það að í pólsku er til ágiskunarfrumlag (podmiot domyślny) sem er ekki til í íslensku. Pólsk regla segir að persónufornafni sem stendur í fyrstu og annarri persónu bæði í eintölu og fleirtölu megi sleppa<sup>27</sup>. Í þessu tilviki er talað um ágiskunarfrumlag. Dæmið fyrir ofan (10a) sýnir að í pólsku má sleppa persónufornafni í fyrstu og annarri persónu. Í pólsku má auk þess sleppa persónufornafn í þriðja persónu þegar enginn möguleiki er á að misskilningur geti orðið. Hins vegar er hlutverk persónufornafna í þriðju persónu oft þérun til að hafa kurteislegri blæ:<sup>28</sup>

(11)

a. Hún teygir sig eftir bakpokanum. (bls.30)

b. Pani pielęgniarcka schyla się po plecak.

c. Frú hjúkrunarkona teygir sig eftir bakpokanum.

<sup>26</sup> Jóhannes B. Sigtryggsson (2011:42).

<sup>27</sup> Jagodziński 2008.

<sup>28</sup> Jagodziński 2008.

### 3.2.2 Notkun persónufornafna og nafnorða eða mannanafna saman

Í íslensku er notkun persónufornafna og nafnorða eða mannanafna saman mjög áberandi eins og sjá má í dæminu hér að neðan:

(12)

a. Við Jósef. (bls. 16)

b. Ja i Józef.

c. Ég og Jósef.

Í íslensku er *við Jósef* (12a) notað um tvær persónur: ég og hinn. Í setningu 12a stendur persónufornafnið í fleirtölu, en í pólskum þurfti ég að breyta þessu og setja persónufornafnið í eintölu og þýða sem *ég og Jósef*. Auk þess er nauðsynlegt að bæta við samtengingunni *og* á milli persónufornafnsins og nafnorðsins.

### 3.2.3 Greinir: viðskeyttur og laus greinir

Í bókinni *Handbók um málfræði* gerir Höskuldur Þráinsson<sup>29</sup> grein fyrir því að greinir í íslensku er tengdur nafnorði eða vísar til einhvers sem hefur verið nefnt áður. Í pólsku er ekki til greinir með viðskeytinu - nn, -n eða -ð eins og í íslensku. Hins vegar er hægt að nota ábendingarfornafn, í þessu tilviki *ta* (*þessi*), til áherslu. Þetta má útskýra betur með setningunni:

(13)

a. Stelpan gæti verið á mínum aldri. (bls.44)

b. Ta dziewczyna mogłaby być w moim wieku.

---

<sup>29</sup> Höskuldur Þráinsson (2006:227).

c. Þessi stelpa gæti verið á mínum aldri.

Í þýðingunni notaði þýðandi ábendingarfornafnið *ta* til að leggja áherslu á að þetta væri sama stelpa. Hins vegar í þýðingunni bókarinnar *Afleggjarinn* þýðandinn notaði ekki nafnorð með greinnir af því að pólskur lesandi veit af samhenginu í textanum til hvers nafnoðið vísar til.

### 3.2.4 Orðaröð

Íslenska telst vera FSA-tungumál sem þýðir að orðaröð í einföldum setningum er sú að frumlagið stendur fremst, á eftir kemur sögn og aftast er andlag.<sup>30</sup> Bæði tungumálin, íslenska og pólska, flokkast sem FSA-tungumál en í báðum tungumálum getur röð orða verið breytileg.

Höskuldur Þráinsson segir í *Handbók um Málfræði*:

Sum tilvik um breytta orðaröð eru einkum bundin við sérstakt málsnið eða sérstakan stíl.<sup>31</sup>

Bókin *Afleggjarinn* telst til fagurbókmennta og stór hluti textans er myndmál. Bókin hefur mjög listrænan stíl og þess vegna verður uppbygging setninga öðruvísi t.d. SFA (sögn, frumlag og andlag):

(14)

- a. Finn ég verkinn greinilega ágerast. (bls.22)
- b. Czuję mocno wzmagaający się ból.
- c. Finn greinilega ágerast verkinn.

Í þýðingunni er orðaröð ekki eins og í íslensku. Fremst stendur sögn, þá andlag og loks frumlag:

Mikill munur er á íslensku og pólsku í setningum með neitun. Munurinn felst í því að í pólsku stendur neitun alltaf fremst, síðan kemur sögn og aftast stendur andlagið.<sup>32</sup> Þessi orðaröð er óbreytanleg í pólsku, líka í setningum með neitun til áherslu. Lítum á dæmi:

---

<sup>30</sup> Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir (2009:24).

<sup>31</sup> Höskuldur Þráinsson (2006:281).

<sup>32</sup> Jagodziński 2008.

(15)

- a. Ég er ekki eins og pabbi sem er fæddur eiginmaður. (bls.45)
- b. Nie jestem jak ojciec, urodzony mąż.
- c. Ekki er eins og pabbi, fæddur eiginmaður.

Í íslensku er orðaröðin sú að fremst stendur persónufornafn, næst stendur sögn og aftast andlag. Lítum á dæmi þar sem neitun er til áherslu:

(16)

- a. Nei, ég hef ekki áhuga á því. (bls.17)
- b. Nie, nie interesuje mnie to.
- c. Nei, ekki hef áhuga á því.

Í setningunum stendur *nei* fremst en að vísu bara til áherslu. Í báðum tungumálum er orðaröðin síðan óbreytt.

### 3.3 Orðfræðileg vandamál

Eins og áður hefur komið fram er stíll skáldsögunnar *Afleggjarinn* listrænn. Markmið þýðingarinnar var að endurspegla stíl bókarinnar. Mjög fljótt kom í ljós að þýðandi varð að fara mjög gætilega í orðavali, annars hverfur stíllinn sem mestu máli skiptir í bókinni. Í bókinni eru mörg dæmi en hér verður aðeins sagt frá þeim sem eru mest áberandi:

(17)

- a. Fiskistykkin liggja tilbúin í raspbeðinu. (bls.7)

Eins og sagt var hér á undan vísar bókinn oft til garðyrkju og orðið *raspbeð* vísar einmitt til garðyrkju. Fyrst ákvað ég að þýða setninguna eins og venjulega þegar við tölum á pólsku:

- b. Kawalki ryby leżą przygotowane w bułce tartej.
- c. Fiskistykkin liggja í raspi.

Árangurinn var ekki nógu góður vegna þess að hinn listrænni stíll tapaðist. Þá ákvað ég að nota orð eins og höfundurinn sem vísa til garðyrkju. Til þess að finna samsvarandi orð notaði ég pólska samheitaorðabók.<sup>33</sup> Þá kom ég loksins með setningu sem jafngildir frumtextanum:

- d. Kawalki ryby leżą przygotowane w rabatkach z bułki tartej.
- a. Fiskistykkin liggja tilbúin í raspbeðinu.

Íslensku orðin *mæðgur* og *feðgar* hafa ekki jafngild orð í pólsku. Í stað orðsins *feðgar* voru notuð orðin *faðir* (*p. ojciec*) og *sonur* (*p. syn* eða nafn hans). Í staðinn fyrir *mæðgur* voru notuð orðin *matka i córka* sem má þýða *móðir* og *dóttir* (eða nafn hennar). Sem dæmi má nefna setninguna:

(18)

- a. Feðgarnir eru báðir í gráum mittisjökkum. (bls. 21)
- b. Ojciec i Josef mają obydwać kurtki do pasa.
- c. Faðir og Jósef eru báðir í gráum mittisjökkum.

### 3.4 Menningarlegur munur

Þjóðmenning hefur mikil áhrif á hvert tungumál og án efa endurspeglast okkar þjóðlegu siðir í tungumálinu. Einnig hefur hver þjóð málshætti, orðasambönd og orðatiltæki sem eru tengd menningunni og þess vegna þarf þýðandi að brjóta heilann til að finna lausn. Áður en þýðandi tekur að sér að þýða ögrandi viðfangefni þarf hann að ákveða hvaða þýðingaraðferð hann ætlar að nota. Hann þarf að svara spurningunni um hvernig á að nálgast efnið. Eins og var fjallað um í kafla 2.4.1 greindi þýski guðfræðingurinn Schleiermacher tvenns konar þýðingaraðferðir. Fyrri leiðin er að færa lesandann til móts við höfundinn og sú síðari að færa höfundinn til móts við lesandann.<sup>34</sup> Við þýðingu á bókinni *Afleggjarinn* var markmið þýðanda að flytja lesandann í þann menningarheim sem efni bókarinnar kemur úr.

<sup>33</sup> Pólsk samheitaorðabók 2015.

<sup>34</sup> Ástráður Eysteinnsson (1996:77).



### 3.4.1 Orðatiltæki og orðasambönd

Mest krefjandi í þýðingunni var þýðing orðatiltækja og orðasambanda þar sem slík þýðing setur þýðendur í mikinn vanda. Jón Friðjónsson segir: „Orðatiltæki eru að tvennu leyti vandmeðfarin.“<sup>35</sup> og skiptir orðatiltækjum í tvennt. Annars vegar er merking þeirra mjög djúpt falin og hins vegar er merking þeirra mjög nákvæm. Til að þýða verður þýðandinn að skilja vel orðatiltækin og orðasamböndin, annars verður þýðingin slæm. Orðatiltækin hafa rætur í menningunni og oftast kemur orðrétt þýðing ekki til greina. Lítum á orðatiltækin fyrir neðan:

(19)

- a. bera saman bækur sínar. (bls.24)
- b. naradzać się razem.
- c. ræða saman.

(20)

- a. hafa öðrum hnöppum að hneppa. (bls.25)
- b. musicąć zrobić coś innego.
- c. hafa eitthvað annað að gera.

(21)

- a. bæta um betur. (bls.25)
- b. poprawić swój wizerunek.
- c. bæta álit sitt.

Við þýðingu orðatiltækja koma tvær leiðir til greina.<sup>36</sup> Það má nota samsvarandi orðasamband eða umorða það. Í þýðingunni valdi þýðandinn að umorða þau því ekki var hægt að finna samsvarandi orðatiltæki eða orðasambönd í pólsku. Í dæminu fyrir ofan, *bera saman bækur sínar* (19a), gefur orðrétt þýðing í skyn að einhver beri saman bækur og það gæti valdið misskilningi hjá pólskum lesendum. Þess vegna þurfti þýðandinn að finna samsvörun. Í þessu

---

<sup>35</sup> Jón G. Friðjónsson (2006:26).

<sup>36</sup> Jón G. Friðjónsson (2006:27).

tilviki passar við merkinguna að segja *naradzac się razem* (19b) sem þýðir *að ræða saman* (19c). Jafnvel orðatiltækið *að hafa öðrum hnöppum að hneppa* (20a) hefur ekki jafngildi á pólsku. Leitað var í Snöru<sup>37</sup> og fannst mjög einföld útskýring, *að hafa annað að gera* (20b) og var ekkert mál að þýða þá setningu á pólsku. Dæmið *bæta um betur* (21a) hefur tvenns konar merkingu. Í fyrsta lagi merkir það *að segja eitthvað meira* (21b) og í öðru lagi *að laga álit sitt* (21c), sem varð fyrir valinu í þýðingunni.

## 3.4.2 Líkingar

Við þýðingu líkinga er megináhersla lögð á „að gera sér grein fyrir myndinni sem fólgin er í líkingunni“.<sup>38</sup> Í þýðingunni var reynt að athuga hvort lesandinn myndi skilja myndmál frummálsins. Í bókinni *Afleggjarinn* má finna mjög skáldlegar líkingar og í sumum tilvikum var líkingamálinu breytt í þýðingunni. Sem dæmi má nefna:

(21)

- a. .hvítskjöldótt fjallið eins og fitusprengrdur kjötskrokkur fyrir neðan. (bls.22)
- b. Łaciate góry jak homogenizowane tusze mięsa w dole.

Í þýðingunni reyndi þýðandinn að „finna aðrar myndir sem staðgengla“<sup>39</sup>. Í þessu tilviki var ekki hægt að halda mynd frumtextans. Þá var ákveðið að bera saman *hvítskjöldótt fjallið* við litinn á kú og síðan við kjötskrokk. Ekki hægt var í þýðingunni að hafa orðið *fitusprengrdur* af því að það er ekki mögulegt að segja á pólsku að kjötskrokkur sé fitusprengrdur. Orðið fitusprengrdur er yfirleitt notað í sambandi við mjölkurvörur. Lítum á setninguna sem notuð var í þýðingunni:

- c. Czarne góry w białe plamy w dole jak przerośnięte tłuszczem tusze mięsa.
- d. Svart fjallið með hvítum blettum fyrir neðan eins og fituvaxinn kjötskrokkur.

Flestar líkingar í þýðingunni voru af þessu tagi en samt sem áður í textanum má finna líkikgar sem hægt var að þýða orðrétt. Hér kemur næsta dæmi:

---

<sup>37</sup> Snara.is.

<sup>38</sup> Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson (1988:98).

<sup>39</sup> Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson (1988:43).

(22)

- a. Með því að dvelja við aukaatriðin í sviðsmyndinni, eins og maður grandskoðar fyrst bakgrunn málverks... (bls.20)
- b. Tak, więc zatrzymuję się na szczegółach sceny, tak jak człowiek, który analizuje drobiazgowo najpierw tło obrazu...
- c. Með því að dvelja við aukaatriði senunnar, eins og maður sem grandskoðar fyrst bakgrunn málverks...

Í dæmi 22 var reynt að finna bestu jafngild orðin til að búa til sömu myndirnar. Auk þess var dæmi 22 eina dæmið í þýðingunni sem hægt var að halda sömu orðaröð. Þótt markmiðið með þýðingunni væri að finna jafngildar myndir í flestum tilvikum þurfti þýðandinn að breyta bæði orðaröð og finna aðrar myndir sem staðgengla.

Án efa setja líkingar þýðendur í mikinn vanda og segja má að þetta hafi verið mjög ögrandi viðfangsefni við þýðingu bókarinnar.

## 3.5 Þérun

Í íslensku er þérun ekki lengur notuð og þótt þérun sé enn notuð í pólsku var ákveðið sleppa henni í þýðingunni. Söguhetjan er tuttugu og tveggja ára gamall maður og því væri óhætt að láta hann þéra. Að mati þýðanda var ekki nauðsynlegt að nota þérun í bókinni af því að lesandinn á að skynja íslenska menningu og þérun er ekki hluti af henni.

## 3.6 Samantekt

Í þessum kafla var gerð grein fyrir þýðingunni. Fyrst var sagt frá málfræðilegum vanda (3.2), m.a. rætt um notkun persónufornafna (3.2.1). Í 3.2.2 var rætt um notkun persónufornafna og mannanafnorða saman og næst var fjallað um: greinis (3.2.3), orðaröð (3.2.4) og orðaval (3.3). Í kafla 3.4 var fjallað um menningarlegan mun tungumálanna. Þar var skoðuð notkun orðatiltækja (3.4.1). Síðan var sagt frá því hvernig mögulegt er að þýða líkingar (3.4.2). Í 3.5 var stuttlega fjallað um þérun.

## 4 Kafli. Lokaorð

Í fyrsta kafla var fjallað um höfund skáldsögunnar *Afleggjarinn*, Auði Övu Ólafsdóttur og hennar skáldskap. Í inngangi var sagt stuttlega frá bókmenntaáhuga þýðanda og af hverju einmitt þessi bók varð fyrir valinu. Þá var rætt um skáldsöguna sjálfa.

Í öðrum kafla var sagt frá fræðilegum kenningum um þýðingar, m.a. var rætt um textategundir. Í þessum kafla kynnti þýðandinn ýmis konar áhugaverðar kenningar um greiningu texta. Þar að auki var fjallað um ólíkar þýðingaraðferðir, hvort þýða eigi orðrétt eða frjálslega. Síðan voru kynntar kenningar Schleiermacher og Reiss og hugtakið *jafngildi*. Að lokun var sagt frá þýðingaraðferðum sem þýðandinn valdi að nota við þýðingu bókarinnar *Afleggjarinn*.

Í þriðja kafla voru kynnt helstu vandamál sem komu upp við þýðinguna og tekin dæmi til rökstuðnings. Þar var fjallað um málfræðilegan vanda, m.a. um notkun persónufornafna, greinis og orðaröð. Í þessum kafla var talað um menningarlegan mun milli tungumálanna, m.a. var rætt um notkun orðasambanda og orðatiltækja. Næst var stutt umfjöllun um líkingar og að lokun var fjallað um þérun.

Þýðingin bókarinnar *Afleggjarinn* úr íslensku yfir á pólsku var mjög krefjandi verkefni. Þýðandinn hefur lært mjög mikið bæði um íslenska menningu og tungu. Með því að þýða hefur þýðandinn orðið margt vísari um orðatiltæki og orðasambönd og hefur núna enn betri þekkingu á íslensku samfélagi og menningu. Þýðing bókarinnar *Afleggjarinn* var að mati þýðanda frábært og ógleymanlegt verkefni.

## HEIMILDIR:

- Auður Ava Ólafsdóttir. 2012. *Afleggjarinn*. Bjartur, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 2009. *Íslenska fyrir útlendinga*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. 1998. *Um þýðingar*. Iðunn, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2006. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Jakobson, Roman. 2004. „Um málvísindalegar hliðar þýðinga.“ Ritið 4,3:173–180. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2011. *Handbók um íslensku*. Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.): JPV útgáfa, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Þýðingar*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Nida, Eugene A. 2000. Principles Of Correspondence. Lawrence Venuti (ritstj.): *The Translation Studies Reader*, bls. 153 -167. Routledge, London og New York.
- Reiss, Katharina. 2000. Type, Kind And Individuality Of Text: Decision Making In Translation. Lawrence Venuti (ritstj.): *The Translation Studies Reader*, bls. 168 - 179. Routledge, London og New York.
- Schleiermacher, Friedrich. 2010. „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir.“ Jón á Bægisá. Tímarit um þýðingar 14:5–28. Ormstunga, Reykjavík.

## VEFHAIMLDIR:

- Bókmenntir.is. 2015. Auður Ava Ólafsdóttur. Sótt 13. mars 2015 af: [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066\\_read-26493/RSkra-407](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-26493/RSkra-407).
- Jagodziński, Grzegorz. 2008. *Gramatyka języka polskiego*. Sótt 11. apríl 2015 af: <http://grzegorz.w.interia.pl/gram/gram00.html>.
- Miðstöð íslenska bókmennta. 201. Viðtal við höfund Auði Övu Ólafsdóttur. Sótt 19. mars 2015 af: <http://www.islit.is/vidtol-vid-hofunda/nr/1229>.
- Pólsk samheitaorðabók. 2015. Sótt 10. apríl 2015 af: <https://www.synonimy.pl/>  
<https://snara.is/>

# Þýðingin

*Afleggjarinn í pólskri þýðingu*

*Þýðing á hluta bókarinnar Afleggjarinn eftir Auði Övu  
Ólafsdóttur*

## *Latorośl*

Rozdział czwarty.

Jedziemy dalej, milcząc, drogą przez zastygłą lawę. Tutaj i teraz pośrodku lawy, niedaleko miejsca tam, gdzie mama dachowała, mam w żołądku pożegnalną ucztę i wydaje mi się, że łaskotanie, które prawdopodobnie miało swój początek po zjedzeniu zielonego sosu, zmienia się w nieustający ból. Znam ten zakręt, tam gdzie samochód wypadł z drogi, tam znajduje się nieduże zagłębienie porośnięte zieloną trawą. Myślę, że widziałem wyraźnie miejsce, w którym mama była wycinana z wraku.

- Twoja mama nie miała umrzeć przede mną, szesnaście lat młodsza ode mnie, mówi ojciec, kiedy przejeżdżamy obok miejsca wypadku mamy.

- Nie, nie miała umrzeć przed tobą.

Miewała takie właśnie pomysły jak pojechanie na jagody w dniu swoich urodzin, bardzo wcześnie o poranku, w ulubione i tajemne miejsca, dlatego musiała jechać drogą przez lawę. Następnie miała zamiar zaprosić nas, swoich chłopców, tak jak nazywała tatę, mnie i Józefa, na gofry ze świeżo zebranymi jagodami i bitą śmietaną. Widzę teraz, jakie to było trudne mieć tylko mężczyzn w domu a nie mieć córki.

Zabiera mi chwilę przywołanie obrazu mamy w samochodzie leżącym na dachu w łagodnym zagłębieniu z zastygłej lawy. Daję sobie czas, żeby podziwiać naturę, krążyć ponad terenem jak kamerzysta robiący film z lotu ptaka, zanim zobaczę samą mamę, aktorkę głównej roli, wokół, której wszystko się kręci. Jest siódmy sierpień i jak dla mnie jesień zawitała wcześnie. Dlatego też widzę dużo czerwieni i złota w przyrodzie. Widzę tuż przed sobą puste



wariacje czerwieni w miejscu wypadku: bordowe krzaczki jagód, krwawo- czerwone niebo, purpurowe liście na kilku krzakach w sąsiedztwie i złocisty mech.

